



virðing, samvinna, árangur

## Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2020

### HAGF2ÞF05

<b>Kennari</b>	Hlynur Ómar Svavarsson M.Sc (hlynur@fss.is)
<b>Viðtalstími</b>	Þriðjudaga kl.12:00 til kl.12:40
<b>Kennsluefni</b>	Auður hagfræði fyrir íslenska þjóð, útgefin 2013. Ferð til fjár, leiðarvísir um fjármál fyrir ungt fólk.
<b>Áfangalýsing</b>	Kennari verður með fyrirlestur um hvern kafla og stýrir umræðum í tímum. Nemendur munu vinna þau verkefni sem sett eru fyrir samkvæmt áætlun í tímum eða heima og skila Innu verkefnum í upphafi þess tíma sem stöðuprófin eru sett. Kynnt eru grunnhugtök og meginviðfangsefni hagfræðinnar. Fjallað er um grunneiningar markaðshagkerfisins og samspil þeirra í markaðsþjóðfélagi. Hringrás fjármála efnahagslífsins er útskýrð og fjallað um helstu hagstærðir þjóðarbúsins og innbyrðis tengsl þeirra á milli. Meginþættir í efnahagspróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með beinum dæmum úr íslensku efnahagslífi. Kynnt er margvísleg framsetning á hagfræðilegu efni. Nemendur fá þjálfun í að lesa úr línuritum og innsýn í notkun hlutfallareiknings, vísitalna, vegins meðaltals og fleiri algengra aðferða við vinnslu á hagfræðilegum upplýsingum, auk frétttaflutnings fjölmiðla. Nemendum kynnt grunnhugtök fjármála.

Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
Undirbúningur f. tíma	15 vikur x 4 tímar x 20 mín	20 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Innuverkefni	15 klst.	15 klst.
<b>Alls:</b>		<b>107 klst. = 5 fein*</b>

*Viðmið um fjölda eininga	
Einingar	Tímafjöldi í vinnu meðalnemanda í áfanga
1 fein	18 - 24 klst.
2 fein	36 - 48 klst.
3 fein	54 - 72 klst.
4 fein	72 - 96 klst.
5 fein	90 - 120 klst.

<p><b>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu á:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Helstu hugtökum hagfræðinnar.</li> <li>• Hvernig hlutverki hins opinbera er háttað.</li> <li>• Mikilvægi utanríkisviðskipta fyrir hagkerfi eins og það íslenska.</li> <li>• Gengi gjaldmiðla og áhrif gengis á viðskipti í víðari skilningi.</li> <li>• Mikilvægi góðs siðferðis í viðskiptum.</li> <li>• Mikilvægi kosninga í lýðræðisþjóðfélagi.</li> <li>• Hlutverki sveitarfélaga og verkefnum þeirra.</li> </ul>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Taka þátt í umræðum um hagfræðileg málefni.</li> <li>• Taka upplýstar ákvarðanir um eigin fjármál.</li> <li>• Gera sér grein fyrir hvernig hagkerfi starfar og helstu verkefnum sem aðilar hagkerfisins takast á við.</li> <li>• Vera læs á samfélagið og helstu stoðir hagkerfisins.</li> </ul> <p><b>Annað sem kennari vill láta koma fram:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Gættu þess að vinna jafnt og þétt, mæta í allar kennslustundir og dragast ekki aftur úr. Þeir sem eru fjarverandi <b>oftar en 10 sinnum</b> eru sjálfkrafa vikið úr áfanganum.</li> <li>• Virkjaðu námshæfileika þína. Lestu námsbókina frá orði til orðs og spurðu ef þú skilur ekki. Með því móti færðu betri yfirsýn yfir námsefnið, átt auðveldara með að tileinka þér það og námið verður skemmtilegra.</li> <li>• Nýttu þér upprifjunartímana vel og þá aðstoð sem þar er boðið upp á.</li> <li>• <b>Með fyrirvara um breytingar á önninni ☺</b></li> </ul>
<p><b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesa og skilja fréttir um hagfræðileg málefni.</li> <li>• Afla sér upplýsinga um hagfræðileg málefni.</li> <li>• Reikna og túlka hagstærðir eins og verðbólgu, vexti, hagvöxt og fleira.</li> <li>• Skoða fjármál sín með aðstoð Meniga.</li> <li>• Nota Excel við lausn verkefna</li> <li>• Nýta bæði <b>Word og Excel</b> við uppsetningu verkefna í <b>Innu</b>.</li> <li>• Nýta sér <b>Meniga</b> við gagnaöflun.</li> </ul>	

<p><b>Námsmat og vægi námsmatsþátta</b></p>	<p>Ekkert lokapróf verður haldið í áfanganum en stuðst verður við símat og verkefnabók. Þrjú kaflapróf verða haldin á önninni og er lágmarks-einkunn 4,5 úr hverju prófi fyrir sig og 8.0 fyrir vinnubók. Endurtektarpróf áfangans verða haldin í byrjun desember. Vægi einstakra námsþátta: Vinnubók 30%, kaflapróf 30%, hópverkefni 30% og ástundun 10%.</p>
---	--

<p><b>Reglur áfanga</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund nema með leyfi kennara!</b></li> <li>• <b>Vinna í verkefnabók fer fram í tíma og gildir til einkunnar í áfanganum.</b></li> </ul>
-----------------------------	--

## Kennsluvikur

## Áætluð yfirferð námsefnis

## Verkefni / Próf.

<b>1. vika</b> 24. - 28. ágúst	<b>Kynning á áfanganum.</b>	<b>Kennsla hefst</b> <b>20. ágúst 2020</b>
<b>2. vika</b> 31. ágúst - 4. sept.	Kafli 1. <u>Auður</u> Hvað er hagfræði?	Tímaverkefni frá kennara.
<b>3. vika</b> 7. - 11. september	Kafli 2. <u>Auður</u> Framleiðsla og sérhæfing. Kafli 3. <u>Auður</u> Vörur og viðskipti.	Tímaverkefni frá kennara.
<b>4. vika</b> 14. - 18. september	Kafli 4. <u>Auður</u> Verð - eftirspurn og framboð.	Tímaverkefni frá kennara.
<b>5. vika</b> 21. - 25. september	Kafli 5. <u>Auður</u> Verðbólga.	Tímaverkefni frá kennara.
<b>6. vika</b> 28. sept. - 2. október	Kafli 6. <u>Auður</u> Bankar.	<b><u>Kaflapróf 1</u></b>
<b>7. vika</b> 5. - 9. október	Kafli 7. <u>Auður</u> Vextir og verðtrygging.	Tímaverkefni frá kennara.
<b>8. vika</b> 12. - 16. október	Kafli 8. <u>Auður</u> Hringrás og vöxtur. Kafli 9 <u>Auður</u> Hið opinbera.	Tímaverkefni frá kennara.
<b>9. vika</b> 19. - 23. október <b>vetrarleyfi</b>	Kafli 10 <u>Auður</u> Milliríkjaviðskipti.	<i>Skila vinnubók í Innu Auður kafli 1-5</i>
<b>10. vika</b> 26. - 30. október	Kafli 11. <u>Auður</u> Hagfræðin í tímans rás.	Tímaverkefni frá kennara. <b><u>Kaflapróf 2</u></b>
<b>11. vika</b> 2. - 6. nóvember	Flutningur á tímaverkefni 11. kafla. Upprifjun og stöðupróf.	<b>Tímaverkefni 11. kafla</b>
<b>12. vika</b> 9. - 13. nóvember	Kafli 1 <u>Ferð til fjár</u> . Hvar stend ég? Kafli 2 <u>Ferð til fjár</u> . Hvert vil ég fara?	<i>Skila vinnubók í Innu Auður kafli 6-10.</i>
<b>13. vika</b> 16. - 20. nóvember	Kafli 3 <u>Ferð til fjár</u> . Hvernig kemst ég þangað?	Tímaverkefni frá kennara.
<b>14. vika</b> 23. - 27. nóvember	Kafli 4 <u>Ferð til fjár</u> . Áfangar, sigrar og skellir á lífsleiðinni.	Tímaverkefni frá kennara.
<b>15. vika</b> 30. nóv. - 4. desember	Kafli 5 <u>Ferð til fjár</u> . Veganesti.	<b><u>Kaflapróf 3</u></b> <i>Skila vinnubók í Innu Ferð til fjár kafli 1-5</i>

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf ☺

Hlynur Ó. Svavarsson M.Sc.